


# Fréttabréf ÍRA



2. ÁRGANGUR

7.TÖLUBLAÐ  
JÚLÍ 1980



Myndir TF3AC

Fyrstu SSTV sambönd. frá Íslandi, sjá bls. 2.

Hinn 23 júlí sl. gerðist sá sögulegi atburður, að fyrstu sendingar á SSTV frá Íslandi hófust frá TF3IRA. Guðjón Einarsson, TF3AC átti heiðurinn af því að ýta á takkann, sem setti fyrstu sendinguna af stað, en félagið stendur í þakkarskuld við Hermann Karlsson, TF3KC, fyrir að hafa lánað tækja-búnaðinn og staðið að öðru leyti á bak við tæknilegu hlið málsins. Nánari lýsing á tækja-búnaði verður að bíða betri tíma, nema að því leyti að “heilinn” í honum er Apple II tölva. Fyrsta svarið barst um kl. 2230, en þá gerði Murphy gamli sig heimakominn og fyrsta fullgilda sambandið er ekki bókað fyrir en einum og hálfum klukkutíma, einum “transceiver”, og nokkrum gráum hárum síðar. Það var við W2GND kl. 0010 hinn 24/6 á 14 MHz. Þetta kvöld voru skilyrðin aðallega til USA og náðust sjö fullgild. sambönd fram til kl 0130, öll við bandaríkjamenn. Þeir, sem haft var samband við eru: W2GHD(Harry), W2IZY, WA40AA, WA0TTE, A11Z, WB1ABL og WB2PTH í þessari röð. TF3YH var SSB “operator”, en TF3KC sá um stjórn á sjálfum SSTV tækjunum.

TF3KX og TF3UA eru nú í sumarvinnu hjá Siemens í Berlín. Þeir hafa “sked” heim frá DL0JS mánudaga og föstudaga kl. 1930-2000 GMT á 14340 kHz. TF3CC/OX er virkur frá Grænlandi. á 14175 KHz; kl. 1700z. Ef einhver hefur upplýsingar um tíma og tíðnir þeirra: LA0BX, N1TF, TF3TZ/OZ, TF3OJ/SM eða etv. einhverra annarra íslendinga erlendis, þá væru þær vel þagnar.

TF3AC, sem er á leið til Könudu upplýsir að enn séu eftir 3 QSL-möppur. Látið ekki happ úr hendi sleppa.

TF3DX, sem lagður er af stað inn á miðhálandið með 80 metra ferðasendi skorar á 80 m. áhugamenn að hlusta eða kalla frekar á ákveðnum tímum en öðrum til að auka líkumar á að samband náist. Aðrir 80 metra áhugamenn hafa tekið vel í þetta. Tímarnir eru; 1000z, 1600z, 2300z á 3525 kHz.



FRÉTTABRÉF Í.R.A. Útg. : Íslenzkir radióamatórar.

-Póstfang: Pósthólf 1058, 121 Rvk.

-Aðsetur: Dugguvogur 1, Rvk.

Ritstj. & ábm.: Kristján Benediktsson, TF3KB, Barmahl. 55, R. Efni sendlst til: TF3KB, pósthólf 1058, 121 Rvk.

-Í síðasta lagi 20. hvers mánaðar fyrir næstu útgáfu.

---

Fjölritunarstofa Daníels Halldórssonar á þakkir skildar fyrir að fjölrita fréttabréf þetta á vildarkjörum.

### Þankar um radió - skilyrði - framhald.

G6zo frægur dx maður, í loftinu síðan löngu fyrir stríð og búinn að starfrækja stöðvar víðat.d. Vestur Indíum, Kyrrahafi og í VK landi, það mig og 3km að hafa samband við kunningja sinn, gamlingja nokkurn í Vklandi, sem að langaði svo til að hafa samband við TF land. Það væru svo ofsalega góð skilyrði um þessar mundir og að hann hefði super samband við Vkl og ZL á hverjum degi. (Þetta var að vori fyrir tveim árum), Þetta var reynt og 3km marði smá samband við kallinn (vk3yn að mig minnir.) en ég lá yfir honum í fleiri morgna, heyrði hann cq tf og 3jo 3km etc, teljandi upp raunir sínar við hið mann og fl, og ekkert gekk. Ég hef mörg önnur dæmi um hvað viðhorfin eru breytileg eftir staðháttum, en dæmið um ZD8 ætti að nægja til að skíra afhverju miðbik hnattarins liggur betur við höggi á hærri tíðnum. Mér hefur virst að ýmsar spár um skilyrði sunnar á hnettinum, þó að ágætast séu til hliðsjónar, passi ekki alltaf fyrir okkur. Einna þægilegasta stöðin sem sendir spár um skilyrði er WWV, en hún sendir á 5, 10, 15, 20 MHz. Einnig á 2,5 og 25 MHz, en þar heyrast sjaldan hér, nema 2,5 MHz heyrst stundum að nóttu til fyrri part vetrar. Storm uppl. og "propagation" spár eru tíu til 15 mín yfir heila tímann. Allskorur sér uppákomur eru ávallt að ske í loftinu, en margar þeirra ske sjaldan. hjá okkur t.d er 50 MHz langdræg daglegt brauð suður í Vu landi en skeður örsjaldan hér. Skilyrði eru seinni að rétta sig við hér hjá okkur eftir "black out" einkum á sumrin. Ef menn hafa áhuga að kynna sér betur ýmis sér fyrirbæri, þá er góð lesning um slíkt í ARRL antenna bókinni í kaflanum WAVE Propagation. . .

Mig langar til að undirstrika að lokum, að ég hef reynt að skýra hina almennu reglu um skilyrði, eins og þau koma mér fyrir sjónir, ekki "happenings" sem erfitt er að henda reiður á, oftast er það svo að sér fyrirbæri skiljast ekki nema ef marg endurtekið samband fáist, með hæð og stefnuvirkandi loftnetum.

Ég gat um í upphafi að "longpath" merki bærust hingað við sólrís, en það þýðir ekki endilega að merkið berist eftir lengstu stórbaugs-línu, Merki frá VK ZL og löndum þar í kring eru oft snökktum daufari úr suðvestri heldur en úr norðvestri, Ég bendi á þetta fyrir þá sem að hafa hreyfanleg stefnunet, að rétt er að prófa báðar stefnurnar hverju sinni.

### "Fading"

Of oft heyrir ég amatöra gefast upp við samband vegna QSB á merkjum. Ef sýnd er smá þolinmæði, kemur merkið upp í sama styrk eftir smá stund, Merkin færast ávallt til eftir jörð og þar sem nauðsyn er á stöðugu merki eru oft notuð tvo eða fleiri loftnet í vissri fjarlægð frá hvert öðru og tveir eða fleiri móttakarar, sem að taka við af hverjum öðrum, sjálfkrafa, eftir því á hvaða móttakara merkið er sterkast, Þessi aðferð er kölluð "diversity reception" mætti kannske leggja út sem "misskiptimóttaka".

Önnur tegund af "fading" á sér stað, en það er þegar merkið verður bergmálskennt. Það sem skeður er að merkið berst tvisvar sinnum að með örstuttu millibili. Þessi tegund er kölluð "selective fading" og er verst viðureignar á lægri tíðnum, en gætir minna fyrir ofan 21 MHz. Gleggstu einkenni þessa fyrirbæris hafa menn framkallað með að taka samtfmis á móti merki bæði long path" og "short path" samtfmis, þar sem merkin koma til móttöku með örstuttu millibili. Á mörkum jarð og loftbylgju, á miðbylgjusviðinu, heyrir maður að mótun verða að hringlandi jóðli. "multi hop" merki bera oftast þessi einkenni að einhverju leiti, sérstaklega úr austri og vestri, en ekki eins áberandi úr suðri. Undir þessum skilyrðum er besta ráðið á GW, að nota hamarinn hægt og bitandi og láta allt autokeyer dót eiga sig.

Aðrir TF útileikarnir 1980: Stjórn ÍRA hefur þá ánægju, að kynna aðra TF útileikana, sem haldnir verða um verzlunarmannahelgina 1980. Tilgangur útileikanna er að örva áhuga og hæfni ísenzkra radióamatöra, einkum að því er varðar notkun færanlegra stöðva við sambönd innanlands og jafnframt vera mönnum til nokkurrar ánægju við sameiningu útivistar og amatörradíós. Skipulagning leikanna er með svipuðu sniði og í fyrra.

Reglur eru eftirfarandi:

1. Tími: Hverjum þátttakanda er heimil þátttaka á eftirfarandi tímabilum:

kl. 1500 - 1800 GMT laugardag 2. ágúst 1980

kl. 0800 - 1100 GMT sunnudag 5. ágúst 1980

kl. 1800 - 2100 GMT sunnudag 5. ágúst 1980

2. Skilaboð: TF stöðvar skiptist á eftirfarandi upplýsingum:

RST - QSO númer - QTH - loftnet - inngangsafli í wöttum - ER eða RA.

Dæmi: 569 001 Hengill LW 5W ER. ER þýðir að stöðin fái rafmagn sitt Ekki frá Rafveitukerfi. RA þýðir að stöðin fái rafmagn sitt frá Rafveitukerfi. Sé skipt við erlenda stöð, skal tekið á móti frá henni: RST - Nafn - QTH. QSO númer er skráð í dagbók, en ekki sent, nema hin erlenda stöð sé einnig þátttakandi í útileikunum.

3. Fullgild QSO: Samband telst þá og því aðeins fullgilt, að:

a) Báðar stöðvar hafi náð kallmerkjum réttum.

b) Skilaboð séu rétt móttækin hjá báðum.

c) Heyrst hafi R(= allt rétt móttækið) frá stöðinni, sem skipt er við, um að hún hafi náð öllu réttu.

d) Ekki hafi verið haft samband við stöðina áður á viðkomandi bandi og þátttökutímabili.

4. Punktur: Aðeins eru reiknaðir punktarnir fyrir fullgild. QSO þannig:

10 - 15 - 20m	40m	80m	
8p.	16p.	16p.	fyrir ER stöðvar
4p.	8p.	8p.	fyrir RA stöðvar
2p.	4p.	4p.	Fyrir stöðvar utan. EU.
1p.	2p.	2p.	fyrir EU stöðvar.

Punktur reiknast fyrir QSO við sömu stöð á þeim böndum, sem dálkarnir að ofan sýna. Athugið að ekki er gerður greinarmunur á 10 - 15 - 20 m; þannig að einungis reiknast punktarnir fyrir QSO á einu þessara banda, ef um sömu stöð er að ræða. 40m og 80 m eru hinsvegar aðskilin. Einnig er heimilt að hafa QSO við sömu stöð

á öllum þátttökutímabilum. Fyrir þetta reiknast punktar eins og um nýja stöð væri að ræða.

5. Tegundir útgeislunar: Allar tegundir útgeislunar, sem eru leyfilegar skv. leyfisbréfi eru jafngildar.

6. Margfaldarar: Þeir eru þrír: M1=fjöldi íslenzkra kallmerkja, sem haft var QSO við óháð bandi og tíma. M2=fjöldi íslenzkra kall-svæða, sem haft var samand við óháð bandi og tíma. M3=3 hjá ER stöðvum og M3=2 hjá RA stöðvum og þátttakendum erlendis.

7. Lokaárangur: Lagðir eru saman punktar fyrir öll fullgild QSO á öllum böndum(sbr. þó að 10-15-20m reiknast sem eitt band) og þátttökutímabilum. Sú útkoma er síðan margfölduð með heildarmargfaldara sem er: M1 x M2 x M3.

8. Flokkar: Þátttaka er í 6 flokkum þannig:

Stöðvar innanlands:

- I. 0 Wött = hlustarar.
- II. 0-5 Wött inn.
- III. 5-50 Wött inn.
- IV. yfir 50 Wött inn. Stöðvar erlendis:
- V. EU stöðvar án tillits til afls.
- VI. Stöðvar utan Evrópu án tillits til afls.

9. Bönd: öll amatörbönd leyfileg skv. leyfisbréfi.

10. Hlustarar: Þeim reiknast punktar á grundvelli fullgildra sambanda þátttakenda í útileikunum, sem þeir heyra og skrá. Punktar fyrir heyrð sambönd eru meðaltal punktafjölda þeirra stöðva sem eru í sambandi sbr. punktatófluna í 4. lið. Að öðru leyti gilda um hlustara sömu reglur og aðra.

11. Dagbók: Afriti af dagbók skal skila til keppnis-stjóra ÍRA, TF3CW fyrir 15. sept. 1980. Þar skal skráð: kallmerki, tími, dags band, punktar, margfaldarar og skilaboð bæði send og móttekin. Nota skal sér blað fyrir hvert band. Með þessu skal fylgja samantektarblað, sem sýnir fjölda punkta á hverju bandi, flokk, kallmerki, nafn, heimilisfang og lokaárangur. Ummæli eða álit á leikunum eru vel þegin.

12. Vafaatriði: Rísi einhver vafaatriði um túlkun þessara reglna hefur stjórn ÍRA eða þeir, sem hún tilnefnir endanlegt úrskurðarvald.

P.S. sjá kallsvæðaskiptingu og athugasend á næstu blaðsíðu.

### DX-fréttir:

14 MHz CW: 8J7ITU(18), FM7ITU(00), 5NOMAS(18), U8L(18),  
SSB: JY1(23), 9YVU(00), 9K2FP(21), A7XM(21), 3B9AE(17),  
8Q7AW(18), JW9QH(21), VP9HK(22), AP5HQ(19)  
HH6BG(25), KG4KK(00), VP8NY(21), VEIAI/(Sable Isl.)  
(21), TF3CC/OX(17).

21 MHz CW: 524YU(18),  
SSB: HZ1HZ(17), 4S7FG(21), CP8AL(20), PW8AL(20),  
SV0AW(21), N4ADJ/KH2(18), AH2E(19), VP2MAJ(22),  
A7XD(18), ZP5LOB(25), 4S7DJ(20), DU1EFZ(17),  
YC2BWD(18), 6T1YP(19), 8R1W(23), HS1AMM(18),  
XT2AY(14), TU4AT(14), A9XC(19), CT8MC(17), DF3KZ/  
ST(22), 6Y5HM(21), VU2RAK(17), AP2MQ(17).

75 de TF3NA

### Skipting Íslands í kallsvæði.

- TF1 - Árnessýsla, Rangárvallasýsla, vestur-Skaftafellssýsla.
- TF2 - Borgarfjarðarsýsla, Mýrarsýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla.
- TF3 - Kjósarsýsla (Kjalarnesshreppur, Kjósarhreppur, Mosfellshreppur, Bessastaðahreppur), Reykjavík, Kópavogskaupstaður, Garðakaupstaður, Hafnarfjarðarbær (þó ekki eignarland í Krísuvík), Seltjarnarnesskaupstaður.
- TF4 - Austur-Barðastrandarsýsla, vestur-Barðastrandarsýsla, vestur-Ísafjarðarsýsla, norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla.
- TF5 - Eyjafjarðarsýsla, suður-Þingeyjarsýsla, norður-Þingeyjarsýsla.
- TF6 - Norður-Múlasýsla, suður-Múlasýsla, austur-Skaftafellssýsla.
- TF7 - Vestmannaeyjar.
- TF8 - Gullbringusýsla.
- TF9 - Vestur-Húnavatnssýsla, austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla.
- TF0 - TF0 er lokað svæði sem umykur óbyggðir og miðhálandi landsins.

Jaðar svæðisins er þeir punktar sem eru í 12 km. fjarlægð frá neyzlu-stöðum rafveitna, eða jökulrönd sé hún í minna en 12 km. fjarlægð. Vegna þess að fjöldi kallsvæða, sem haft er samband við kemur nú inn í punktaútreikning í útileikunum, er þeim, sem nota /P eða /M bent á að gefa kallsvæði sitt til kynna með því að nota einnig /kallsvæðisnúmer, t.d.: /P/0.

## TF1

Sunnudaginn 4. maí 1980 kl. 1139 lögðum við félagarnir upp í ökuferð í (suðurland). Hugmyndin var, að heimsækja bróður hans Óla, Olgeir, sem býr á bænum NEFSHOLTI í Rangárvallasýslu. WX (veðrið) var indælt, sól og blíða og vegurinn hreint afbragð, olíumalaborinn næstum alla leið. Þar sem við komum á matmálstíma var að sjálfsögðu boðið upp á hádegisverð, sem við þáðum. Eftir mat var ruslað upp “loop”u fyrir 21 MHz og síðan annarri “deltu” fyrir 28 MHz. Skilyrði voru frekar slöpp, mest Evrópa, nokkrir kanar, fáeinir japsar og einn frá S-Ameríku, HP2XSG, Ron, en hann heyrir hér nánast alltaf mjög vel. Merkilegast var að ná engum júkka (YU). Dvöldum við þarna í góðu yfirlæti fram yfir kvöldmat, en héldum svo í bæinn eftir ágætán dag.

Í stuttu máli:

QTH: NEFSHOLT, Rangárvallasýslu(TF1).

Búnaður: 2 stk. Yaesu FT200 sendimóttakarar,

2 stk. “Delta loop” loftnet f/21 MHz og 28 MHz,

mælar og ýmis verkfæri.

Sambönd: TF3SO/1:72 QSO;18 lönd;56 forskeyti,

TF3HN/1:70 QSO;19 lönd;54 forskeyti.

Samtals:142 QSO;25 lönd;90 forskeyti.

73's de TF3SO/TF2HN



# General Coverage Communications Receiver FRG-7



## ● 0.5-29.9MHz Coverage with 10kHz Readout

The FRG-7 is a precision-built all-purpose communications receiver, featuring all solid state construction for long life and high performance. Utilizing the Walker Loop drift cancellation system, in conjunction with a triple conversion superheterodyne circuit, the FRG-7 boasts high sensitivity

along with excellent stability. It provides broadcast listening with such features as a 3-position tone selector, an RF attenuator, and an automatic noise suppression circuit. For many years of satisfying reception, the FRG-7 is the receiver for you.

## Features

- Wide sensitivity: The FRG-7 can be used for listening to shortwave broadcasts, commercial mediumwave stations, ham radio and citizen's band operators, and a variety of other communications services.
- High performance engineering: The Walker Loop System, in conjunction with the triple conversion superheterodyne design, provides high sensitivity along with rock-solid stability. You can sit the dial to suit favorite programs, and start up your tape recorder—confident that your FRG-7 will stay right on the station's frequency.
- 10 kHz Direct Dial Readout: The extremely stable VFO used in the FRG-7 equipped with a precision dial mechanism. Presetting the dial to your favorite station is a breeze!
- RF Attenuator: The three-position RF attenuator is effective when confronted by local or very strong stations. By activating the attenuator, a weak station may often be

- copies near a strong one. The attenuator may also be used to minimize interference to strong stations, too.
- Automatic Noise Suppression Circuit: When impulse noise is encountered during AM reception, activate the noise suppression circuit to minimize interference of this type.
- Three Position Tone Selector: For SSB communications, the audio spectrum is limited to the range 300 Hz-2700 Hz. Broadening the bandwidth of the receiver further will introduce unnecessary noise or interference. The three position tone selector will limit the audio spectrum as follows, to increase signal readability: LOW (high cut), NORMAL, and NARROW (low and high cut).
- Built-in Power Supply: The FRG-7 comes ready to go for AC operation. DC operation can be provided as an option, and also available extras are a battery holder and batteries, for portable operation.

## Specifications : FRG-7

Frequency Range: 0.5-29.9 MHz  
Modes: LSB, USB, CW or AM (AM-DTL)  
Frequency stability: Within 500 Hz during any 30 minute period after a 30 minute warm-up.  
Antenna impedance: High impedance for 0.5-1.8 MHz, 50-75 ohms for 1.8-29.9 MHz.  
Circuitry: 33 transistors, 9 FETs, 2 integrated circuits, and 16 diodes.

Sensitivity: 0.25  $\mu$ V for 10 dB S+N/N for SSB and CW, 0.7  $\mu$ V for 10 dB S+N/N for 30% mod. AM, 10.5 MHz  
Selectivity: Normally 12 kHz at -6 dB, 12 kHz at -60 dB  
Audio output: Better than 2 watts @ 5% THD into 4 ohms.  
Size: 340(W) x 153(H) x 265(D) mm  
Weight: Approx. 7 kg  
Power requirements: 100/110/117/200/220/234 volts AC, 50/60 Hz \*\*117 volts AC for 1/1, approved model.

**YAESU**  
**The radio.**

*distributor  
Schwartz  
400 Regent*